





Reykjavík, 23. október 2024
USK24080263

Bergþórugata 29 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Halldórssonar, dags. 26. ágúst 2024, um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 29 við Bergþórugötu sem felst í að skipta íbúð á 2. hæð hússins í tvær íbúðir, eins og gert hefur verið á 1. hæð hússins sbr. grunnmynd, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bergþórugötu 29 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af íbúðarsvæði ÍB11 Grettisgata.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Njálsgötureit, samþykkt 26. september 2013, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 29 við Bergþórugötu er fjölbýlishús á þrem hæðum, með kjallara. Í kjallara er ósamþykkt íbúð. Á fyrstu hæð og rishæð hæð eru tvær íbúðir en á annarri hæð er ein íbúð skv. fasteignaskrá. Húsið var byggt árið 1930. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að skipta íbúðinni á annarri hæð, fnr. 2008221, í tvær íbúðir. Íbúðinni verður skipt upp þannig að skipulag annarrar hæðar verði eins og núverandi skipulag fyrstu hæðar.

Skipulag hússins þegar það er byggt er þannig að í kjallara voru geymslur. Á fyrstu hæð voru tvær íbúðir, innra skipulag þeirra var eins og það er í dag. Á annarri hæð var ein íbúð. Í risi var geymslurými.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lagt upp úr blöndun íbúða og því mælt með því að halda í núverandi skipulag íbúða í húsinu að Bergþórugötu 29.

Niðurstaða

- Gerðar skipulagslegar athugasemdir og ekki fallist á erindið sbr. umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík